



FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA
Mörkin 6 • 108 Reykjavík • e-mail: leidsaga@tv.is
TELEPHONE: + 354 588 8670 • FAX: 588 9875
ICELAND TRAVEL GUIDES' ASSOCIATION
VERBAND ISLÄNDISCHER REISELEITER
Kennitala 510772-0249

Alþingi
Erindi nr. P 126/2152
komudagur 30.4.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2001.

Félagsmálanefnd Alþingis hefir sent Félagi leiðsögumanna mál nr. 542 um vinnutímareglur EES o.fl. og mál nr. 624 um atvinnuréttindi erlendra manna á Íslandi.

Félag leiðsögumanna fagnar því að lagt hafi verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 46/1980 sem ætlað er að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB og mæta þannig kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennrar vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga nr. 94/33/EB, auk þess sem frumvarpinu er ætlað að stuðla að framkvæmd ákvæða núgildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.

Þar sem Félag leiðsögumanna er í Alþýðusambandi Íslands og ASÍ hefir sinnt þeim málum sem snúa að tilskipunum og reglugerðum EES með ágætum, þá vill félagið vísa til umsagnar ASÍ að öðru leyti.

Varðandi mál nr. 624 um atvinnuréttindi erlendra manna á Íslandi, þá er ljóst að erlendir menn innan EES svæðisins njóta atvinnuréttar samkvæmt íslenskum vinnuréttarákvæðum. Atvinnuleyfi til annarra erlendra starfsmanna er í höndum íslenskra yfirvalda samkvæmt nánari reglum, eins og fram kemur í ýmsum greinum frumvarpsins.

Varðandi 15. grein frumvarpsins um undanþáguákvæðin vill Félag leiðsögumanna benda á að síðustu ár hefur verið um að ræða erlenda "leiðsögumenn/fararstjóra" sem hafa fylgt farþegum til landsins, veitt farþegunum leiðsögn um landið án tilskilinna réttinda leiðsögumanna. Í mörgum tilvikum hefir verið um að ræða starfsemi sem hefir varað langt umfram þær fjórar vikur sem tilgreindar eru um ökumenn í e-lið ofanefndrar greinar.

Í ljósi þess að víða innan EES svæðisins eru gerðar ákveðnar kröfur um menntun og formleg réttindi manna til að geta stundar leiðsögn ferðamanna um sérlega verðmæta menningarstaði og náttúruperlur að viðlögðum háum sektarviðurlögum sé gegn slíkum ákvæðum brotið, gerir Félag leiðsögumanna kröfu um að löggjafinn fari yfir skipan þessara mála á Íslandi.

Félag leiðsögumanna er tilbúið til að koma að samstarfi við viðkomandi yfirvöld til að sinna slíkri lagasetningu. Það er í dag gert ráð fyrir einni milljón erlendra ferðamanna á Íslandi innan fárra ára. Sé það von atvinnugreinarinnar að svo verði, er alveg ljóst að mikið ríður á að menntun þeirra sem starfa í þessari atvinnugrein sé eins góð og best verður á kosið. Þetta á ekki hvað síst við um menntun leiðsögumanna. Það mun verða borin von að fá ferðamenn til landsins í miklum mæli ef ekki er vel að allri móttöku staðið. Félag leiðsögumanna er tilbúið til náins samstarfs við löggjafann til að svo megi verða og bendir á að hvert land innan EES setur þær reglur sem það kys sjálft hvaða framkvæmdir og viðmiðanir/reglur eigi að gilda um ferðaþjónustu.

Virðingarfyllt



Borgþór S. Kjærnested, formaður